



Skipulags- og samgönguráð
Borgartún 14
105 Reykjavík Reykjavík

Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni.

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. febrúar 2022 voru lögð fram og samþykkt drög að hjálögðu erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 15. febrúar 2022 til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að skipulags- og samgönguráð taki erindið til meðferðar.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Samrit:

Hjálagt: Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni

Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 15. febrúar 2022 til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni.

-Minni hraði og meira öryggi í miðborg.

Í miðborginni er 30 km. hámarkshraði. Margt ökufólk virðir ekki þann hraða og keyrir því miður langt yfir þeim hraða sem skapar hættu fyrir óvarða vegfarendur.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að skipulags- og samgönguráð kanni forsendur þess að ráðast í markvissar aðgerðir til þess að sporna við hraðakstri í miðborginni og auka öryggi vegfarenda.

Eitt sem hefur verið nefnt að hafi hraðaaukandi áhrif eru „víð“ gatnamót.

Íbúasamtök Miðborgar hafa boðið fram aðstoð við að kortleggja „víð“ gatnamót í hverfinu sem þarf að laga en sem dæmi um hættuleg gatnamót eru gatnamót við Bragagötu og Laufásveg, Bjargarstíg og Laufásveg. Egilsgata og Barónsstígur v/Austurbæjarskóla, gatnamót Eiríksgötu / Barónsstígur en þar eru beygjuljós og gönguljós græn á sama tíma og fólk oft hætt komið. Laufásvegur og Barónsstígur (þar er keyrt of hratt - sérstaklega strætó sem er stórhættulegur bæði gangandi og akandi, vegna stærðar fer hann stundum upp á gangstétt.), Laufásvegur og Njarðargata - v/Laufásborg, Barónsstígur og Njálsgata, Barónsstígur og Gréttisgata (það er keyrt allt of hratt á Barónsstíg), Egilsgata og Snorrabraut, Njarðargata og Þórsgata, Bergstaðastræti og Hallveigarstígur þar sem er mjög þröngt horn.

Einnig er nauðsynlegt að skoða aðrar leiðir sem virka til að minnka hraðakstur í hverfinu. Óskað er eftir að rýnt verði hvaða aðgerða sé heppilegt að grípa til með hliðsjón af rannsóknum og reynslu fagfólks í umferðaröryggismálum.

Sem dæmi má nefna:

- Setja upp fleiri hraðahindranir og laga þær sem fyrir eru.
- Bæta við gróðri, blómakerjum og slíku sem gæti stutt við hraðaminnkun.
- Fleiri vistgötur?
- Aðgerðir til þess að strætó, rútuumferð og annar atvinnuakstur virði hraðatakmarkanir í hverfinu.
- Hraðamyndavélar og sektir?
- Hvað fleira er hægt að gera?

Fyrir hönd íbúaráðs Miðborgar og Hlíða,

Margrét M. Norðdahl.

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggi í miðborginni.

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. febrúar sl. voru lögð fram og samþykkt drög að erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggi í miðborginni. Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. mars sl.

Umsögn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar heldur úti vinnugagnagrunni með stöðum þar sem hugsanlega er þörf á aðgerðum til að bæta umferðaröryggi og gerir gróft áhættumat á fyrir hvern stað. Við það mat er höfð til hliðsjónar slysasaga, gönguleiðir skólabarna, staðsetningar skóla og íþróttasvæða, umferðarhraði og aðrar aðstæður. Aðrir þættir sem skipta máli við forgangsröðun aðgerða eru t.d. aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir, breytingar í nærliggjandi gatnakerfi, hugsanlegur kostnaður og umfang þess að lagfæra ástandið, og/eða aðrar sérstakar aðstæður. Um er að ræða heildrænt mat sem framkvæmt er af sérfræðingum sviðsins.

Hluti þeirra staða sem nefndir eru í erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða er þegar í vinnugagnagrunninum en hinum verður bætt við. Í umræddum vinnugrunni eru í dag á um fjórða hundrað skráðir staðir þar sem þörf er á umferðaröryggisaðgerðum. Á hverju ári hefur Reykjavíkurborg ákveðið fjármagn fyrir málefnið og ekki er raunhæft að ná að lagfæra alla hættustaði á einu ári sökum umfangs og kostnaðar. Það er því nauðsynlegur hluti vinnunnar að forgangsráða aðgerðum og reyna að hámarka árangur í að fyrirbyggja alvarleg slys í samræmi við stefnu borgarinnar. Við forgangsröðun aðgerða er enn fremur litið til *Umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkur 2019 – 2023* og greiningarskýrslu sem liggur að baki henni. Aðgerðir til að takmarka hraðakstur geta verið margskonar og leitast er við að velja þá útfærslu sem hentar best á hverjum stað. Að þeirri vinnu koma sérfræðingar skrifstofunnar auk ráðgjafa með sérhæfingu í umferðaröryggismálum.

Ekki er talið tilefni til þess að forgangsráða aðgerðum á þeim stöðum sem nefndir eru í erindi íbúaráðsins framur öðrum stöðum sem aðgerða er þörf í Reykjavík til að bæta umferðaröryggi heldur er talið rétt að beita áfram þeirri aðferðarfræði sem beitt hefur verið við val á stöðum auk þess sem leitast er við, eftir því sem hægt er, að lagfæra aðstæður samhliða öðrum framkvæmdum borgarinnar.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri